

2098

Fimmtudaginn 28. maí 1998.

Nr. 420/1997.

Gunnar B. R. Valdimarsson

(Ástráður Haraldsson hrl.)

gegn

Íslenska álfélaginu hf. og

til réttargæslu Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Jakob R. Möller hrl.)

Vinnuslys. Skaðabætur. Gjafsókn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Gunnlaugur Claessen, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. október 1997 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann krefst þess, að stefndi greiði sér skaðabætur og miskabætur, samtals að fjárhæð 12.756.050 krónur, með vöxtum og dráttarvöxtum, eins og í héraðsdómi greinir. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en honum var veitt gjafsókn á báðum dómstigum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar, enda eru engar kröfur gerðar á hendur honum.

Láðst hefur að taka kröfur stefnda upp í héraðsdóm, en þar var aðallega krafist sýknu, en til vara, að sök yrði skipt og kröfur lækkaðar.

I.

Áfrýjandi varð fyrir slysi 4. ágúst 1988 við vinnu í þágu stefnda. Var hann að hreinsa rásir í biðofni, en það mun gert eftir hverja steypu. Við verkið var notað til þess gert járn eða járnteinn, sem var um það bil hálf önnur tomma að sverleika, rúmlega fjögurra metra langur og vó um 36 kíló. Á öðrum enda þessa verkfæris var handfang, sem kom þvert á teininn. Var það úr sama efni og hann. Í héraðsdómi er aðstæðum skýrlega lýst. Áfrýjandi og vinnufélagi hans, Gunnar Njálsson, hafa ekki komið fyrir dóm til skýrslugjafar.

Verður að leggja til grundvallar skýrslur þeirra fyrir rannsóknarlög-reglu í Hafnarfirði 11. janúar 1991 og 14. janúar sama ár. Áfrýjandi kvaðst hafa staðið á gólfi steypuskálans og verið að láta verkfærið niður í ofninn, þegar járníð hafi runnið úr höndum sér og handfangið lent á hnakka sér undir hjálmbardinu, og hafi þetta verið mikið högg. Frásögn áfrýjanda var að mestu studd af vinnufélaga hans, sem kvaðst hafa staðið rétt aftan við hann. Áfrýjandi vankaðist við slysið, og var honum ekið á slysavarðstofu Sjúkrahúss Reykjavíkur í leigubifreið. Hann var sendur heim um kvöldið með hálskraga og var frá vinnu í tvo og hálfan mánuð, en hóf þá að vinna aftur á sama stað. Við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti kvað lögmaður áfrýjanda ranghermt í héraðsdómi, að hjálmur áfrýjanda hefði laskast og höfuðkúpan brákast. Að öðru leyti má um málavexti vísa til héraðsdóms.

II.

Verk það, sem áfrýjandi vann við, þegar hann slasaðist, var einfalt, en krafðist talsverðra líkamsburða. Kolbeinn Ó. Sigurjónsson, trúnaðarmaður starfsmanna í steypuskála, lýsti fyrir dómi aðstæðum, þegar tveir menn væru við þetta verk, en þá steypiti venjulega annar þeirra járninu ofan í biðofninn, þegar staðið væri á gólfinu, en síðan færu báðir upp á ofninn til að taka um handfangið og til að vinna við stöngina. Eins og að framan greinir, þykir verða við það að miða, að áfrýjandi hafi verið að steypa járninu ofan í ofninn af gólfinu, þegar slysið varð. Hann hafði unnið lengi við þetta verk og var vanur aðstæðum. Verktilhögun var breytt nokkrum árum eftir slysið, og varð það til hagræðis og léttis fyrir starfsmennina. Af gögnum málsins er þó nægjanlega fram komið, að það hafi ekki verið gert í tengslum við slys þetta, heldur sem þáttur í almennri þróun starfa í verksmiðjunni. Ósannað er, að verktilhögun hafi almennt verið óeðlileg eða aðstæður ófullkomnar. Þá þykir ekki fram komið, að sönnunaraðstaða áfrýjanda hefði breyst eitthvað við það, að slysið hefði samstundis verið tilkynnt til vinnueftirlitsins. Með þessum athugasemdum og annars með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta niðurstöðu dómsins um, að slysið hafi orðið fyrir óhapp, sem stefndi beri ekki ábyrgð á. Héraðsdómur skal því vera óraskaður.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Gunnars B. R. Valdimarssonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, 200.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar

Þegar áfrýjandi slasaðist við vinnu í steypuskála áliðjuversins í Straumsvík, var hann að handleika járntein, sem notaður var til að hreinsa op í efri botni biðofns fyrir bráðinn mál. Þyngd teinsins, sem nefndur var spólujárn, var um það bil hálf líkamsþyngd áfrýjanda sjálfs, og lengdin tvöföld hæð hans og hálfri betur. Járníð var beint með sléttu yfirborði, en kleprað af storknu áli upp frá þeim enda, sem gekk niður í málminn, og þannig síður meðfærilegt. Á þeim enda var hnúður til að skafa úr opunum, en við hinn endann þverteinn, sem tveir menn gátu tekið á báðum höndum. Bera þurfti járníð að ofninum og renna því síðan niður um allbreiða rauf á hlemmi yfir honum, skáhallt eða tiltölulega beint, svo sem um getur í héraðsdómi. Að opunum var því svo stýrt um þrjár rásir eða vik í annarri brún raufarinnar.

Ekki er með öllu ljóst, hvernig slysið bar að, en áfrýjandi er helst talinn hafa verið að beina járninu í raufina og byrjað á því frá skálagólfi. Hafi hann þá verið staddur á gólfinu eða á eins metra háum palli utan á ofninum, þegar járníð rann fram úr greipum hans og þverteinninn rakst í hnakka hans af miklu afli. Afleiðingar höggins urðu alvarlegar, en komu ekki skýrt í ljós fyrr en að nokkrum tíma liðnum.

Meginorsök slyssins má lýsa svo, að áfrýjandi hafi verið mannlegur, en spólujárníð ekki, og rann það leið sína niður eftir ofninum, þegar hann missti tak á því og kom ekki vörnum við. Ekki er leitt í

ljós, að hann hafi orðið fyrir utanaðkomandi truflun, og verður að álykta, að slysið hafi að öllu leyti verið innan marka þeirrar áhættu, sem verkinu hlaut að fylgja og fól í sér líkur á óhöppum og mistökum, sem oftast væru smávægileg, en gætu eins orðið meiri háttar. Þá áhættu var ekki unnt að takmarka til muna nema með því að fela verkið tveimur mönnum, þar sem járninu var stýrt í höndum án stuðnings frá nokkrum búnaði, en á þessum tíma var það ekki gert að staðaldri eða eftir markvissri reglu. Virðist nokkuð hafa ráðist af atvikum, hvort tveir menn gengju saman að verkinu, og algengara verið, að einn maður stæði að því, sem áfrýjandi var að leysa af hendi. Þá voru menn ekki valdir til verksins eftir líkamsburðum, en áfrýjandi var meðal hinna smávaxnari í hópi starfsmanna. Starfsfélagi áfrýjanda mun hafa staðið rétt hjá honum, en ekki er ljóst, hvaða hlutverki hann átti að gegna. Við blasir hins vegar, að nærvera hans kom að engu gagni, og verður áfrýjanda ekki einum um það kennt.

Slysið var ekki rannsakað eða tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins, þegar eftir að það gerðist. Var það ekki andstætt reglum, en vinnuveitandi áfrýjanda verður að bera með honum hallann af því, sem óljóst er um hin nánari atvik á vettvangi. Það leiðir af áðurgreindri tilhögun verksins, að vinnuveitandinn verður að bera skaðabótaábyrgð á tjóni áfrýjanda vegna slyssins. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi gætt ýtrustu varfærni í þetta sinn, og er líklegra, að mistök hans megin hafi einnig átt þátt í slysinu. Er eðlilegt að skipta ábyrgðinni með þeim hætti, að áfrýjandi beri tjón sitt að hálfu, en stefndu bæti það að hálfu.

Við mat á bótum til áfrýjanda vegna varanlegrar örorku ber að líta til þess, að hann gat haldið áfram störfum á vinnustað sínum um nokkurt árabíl. Að öðru leyti eru ekki efni til að fjalla hér um þá hlið málsins, þar sem niðurstaða annarra dómenda er á þá leið, að stefndu eigi að vera sýknir af kröfu hans.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júní 1997.

Mál þetta var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 21. janúar 1997. Það var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 27. maí sl.

Stefnandi málsins er Gunnar B. R. Valdimarsson, kt. 071141-8459, til

heimilis að Suðurvangi 4, Hafnarfirði, en stefndi er Íslenska álfélagið hf., kt. 680466-0179, Straumsvík, Hafnarfirði.

Sjóvá-Almennum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík, er stefnt til réttargæslu.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Íslenska álfélagið hf., verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 11.501.100 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum og vaxtavöxtum].

Jafnframt krefst stefnandi miskabóta, að fjárhæð 2.000.000 kr. Þá er þess krafist, að kröfur um skaðabætur og miskabætur beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 8. febrúar 1997 til greiðsludags. Þess er og krafist, að dráttarvextir verði höfuðstólsfærðir á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 8. febrúar 1998.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi auk álags, er nemi virðisaukaskatti af honum.

Á hendur Sjóvá-Almennum hf. eru engar kröfur gerðar.

Stefnandi fékk gjafsóknarleyfi með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem dagsett er 25. nóvember 1996.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Málavextir eru þessir: Stefnandi var starfsmaður Álversins í Straumsvík og hafði starfað þar um áratugaskeið, allt frá árinu 1971 að eigin sögn. Hinn 4. ágúst 1988 var hann að vinna við hreinsun rása í bræðsluofni. Við verkið var notað svonefnt spólujárn, sem er 415 cm að lengd og 36 kg að þyngd með þverstöng (handfangi) á enda. Stóð hann uppi á svonefndu spólloki og kom spólujárninu fyrir í rauf á lokinu. Skyndilega rann járníð úr höndum hans, og lenti þverstöngin af miklu afli aftan í hnakka hans. Stefnandi vankaðist við höggið, en missti ekki meðvitund. Var farið með hann á slysavæðstofu Borgarspítalans í leigubíl. Sjúkrabíll var á staðnum, en ekki þótti ástæða til að nota hann að sögn fyrirvarsmanna stefnda, þar sem talið var, að um minni háttar slys væri að ræða.

Stefnandi kveðst hafa staðið einn að þessu verki og verkstjóri ekki verið nálægur. Engar verklagsreglur hafi verið settar um það, hvernig ætti að haga framkvæmd verksins. Það sé venjubundið og hafi verið unnið af ýmsum starfsmönnum. Venjulega hafi tveir starfsmenn sinnt verkinu, enda spólujárníð þungt og erfitt í meðförum. Þess hafi ekki verið kostur umrætt sinn vegna fækkunar starfsmanna hjá stefnda, og því hafi verið gert ráð fyrir því, að einn starfsmaður ynni verkið.

Slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins fyrr en 13. ágúst 1988, og

mun það hafa verið símleiðis. Í skýrslu þess segir: „Slasaði var ásamt öðrum að koma svokölluðu spólujárni fyrir í bræðsluofni, en þetta spólujárn er notað eftir steypu til að hreinsa úr rásum ofnsins. Þetta járn er með þverstöng á öðrum endanum, og þegar mennirnir voru að koma því fyrir, slóst það til, og slóst þverstöngin í höfuð hins slasaða neðan við hjálminn, og við rannsókn á slysadeild kom í ljós, að sprunga var í höfuðkúpunni.“

Svala Thorlacius hrl., þáverandi lögmaður stefnanda, ritaði vinnueftirlitinu bréf í nóvember 1990 og virðist hafa óskað eftir upplýsingum um slys stefnanda. Í svarbréfi stofnunarinnar, sem dags. er 13. desember s. á., kemur fram, að slys stefnanda hafi ekki verið tilkynnt, þegar það gerðist, og því ekki rannsakað af stofnuninni. Enn fremur er þess getið í bréfinu, að vinnueftirlitið hafi ekki gert athugasemdir við notkun áður nefnds spólujárns. Í niðurlagi bréfsins segir, að rannsókn stofnunarinnar geti ekki farið fram á slysinu, fyrr en lögregluskýrsla liggi fyrir með lýsingu hins slasaða og sjónarvotta að því. Af því tilefni tók rannsóknarlögreglan í Hafnarfirði skýrslu af stefnanda ásamt Gunnari Njálssyni, samstarfsmanni hans, og Guðlaugi Hreiðari Ingasyni verkstjóra.

Í skýrslu stefnanda, sem tekin var 11. janúar 1991, kemur fram, að hann hafi verið við vinnu í steypuskálanum, þar sem hann hafi starfað í rúm sautján ár, og ætlað að fara að hreinsa rásir í svokölluðum biðofni, sem oftast sé gert eftir hverja steypu. Hafi hann staðið á gólfinu og verið að láta spólujárnið niður í ofninn. Þá hafi það gerst, að járneið hafi runnið niður í ofninn og handfangið lent í hnakka hans undir hjálmbarðið og hann fengið mikið högg á hnakkann. Hafi hann rotast eða vankast mikið og verið frá vinnu hálfan þriðja mánuð, þar af með hálskraga hálfan annan mánuð. Að loknu veikindaleyfi hafi hann farið að vinna á sama stað. Þar lét stefnandi þess einnig getið, að hann hefði unnið í hundruðum skipta við hreinsun með umræddu áhaldi, þegar slysið vildi til. Vitnið Gunnar Njálsson lýsti aðdraganda slyssins á sama hátt og stefnandi. Kvaðst hann hafa staðið fyrir aftan stefnanda, þegar slysið varð. Hefði stefnandi hlotið þungt högg og vankast við það, en ekki misst meðvitund. Guðlaugur Hreiðar verkstjóri gaf einnig skýrslu hjá lögreglu. Hann kvaðst ekki hafa orðið vitni að slysinu. Stefndandi hafi hætt vinnu fljótlega eftir slysið og verið sendur til athugunar á slysavarðstofu í leigubíl, þar eð hann hafi borið sig svo vel, að ekki hafi þótt ástæða til að flytja hann í sjúkrabíl. Algengt sé, að menn séu sendir í leigubifreiðum frá álverinu, þegar minni háttar meiðsli verði, og sé það þá gjarnan metið eftir því, hvernig hinn slasaði beri sig.

Þá liggur fyrir í málinu skýrsla Gylfa Ingvarssonar, aðaltrúnaðarmanns starfsmanna í álverinu. Í skýrslunni er lýst með myndum, hvernig staðið var

að verki því, sem stefnandi vann, er hann slasaðist. Þar kemur enn fremur fram, að ekki sé til verklýsing eða fyrirmæli um það, hvernig umrætt verk skuli unnið eða hvort það skuli unnið af einum eða fleiri, en það sé ýmist og fari eftir stöðu verka hverju sinni. Engar athugasemdir hafi verið gerðar um það við stefnanda, þegar hann kom að nýju til starfa, að hann hefði staðið óeðlilega að verki, og það ekki verið athugað á einn eða annan veg eftir slysið. Þá er þess og getið í skýrslu trúnaðarmannsins, að oft hafi legið við óhappi við umrætt verk, án þess að það hafi verið athugað frekar.

Loks hefur verið lögð fram í málinu skýrsla Jóns H. Stefánssonar, deildarstjóra öryggismála hjá stefnda. Í skýrslu hans segir m. a., að á þessum tíma hafi verið farið með hreinsjárnum í spólugötin eftir hverja steypu. Þetta sé „rútínustarf“ allra starfsmanna við steypuvélar og því ekki ástæða til, að verkstjóri leiðbeini starfsmönnum við framkvæmd þess hverju sinni. Þrír menn hafi unnið saman að störfum á sísteypuvél og skipt með sér verkum eftir verklagni og vinnuvenjum, sem ekki voru skriflegar. Starfið hafi ekki verið unnið við hættulegar aðstæður og sé ekki erfiðara en mörg önnur störf, sem menn beiti líkamsburðum við.

Upplýst er, að vinnutilhögun hefur verið breytt í sambandi við umrætt verk. Er því nú hagað á þann hátt, að spólujárnið er lengra og þyngra og notaður krani til að stjórna því og koma því fyrir. Þessi breyting mun hafa orðið að sögn stefnda á árunum 1993 eða 1994 og á engan hátt tengst því slysi, sem stefnandi varð fyrir.

Stefnandi lýsir svo afleiðingum slyssins: Eftir að hann kom til starfa hjá stefnda, hafi hann átt mjög erfitt með vinnu og oft verið fjarverandi vegna veikinda, sem rekja mátti til slyssins. Svo hafi farið að lokum, að hann hafi hætt störfum hjá stefnda 21. febrúar 1995 vegna hríðversnandi heilsufars, sem stafað hafi af slysinu. Frá þeim tíma hafi hann ekki getað sinnt neinu starfi, svo að kallast geti, og verið metinn 75% öryrki af Tryggingastofnun ríkisins. Afleiðingar slyssins séu þær, að hann hafi mikinn svima og skorti jafnvægi. Hann sé dofinn víða á líkama, með mikla verki í hálsi og hnacka og haldinn alvarlegu þunglyndi og geðtruflunum, og eigi auk þess við minnisleysi að stríða.

Þessi lýsing stefnanda er studd tveimur vottorðum Sverris Bergmanns læknis frá 29. nóvember 1990 og 13. mars 1991 svo og tvennu örorkumati.

Sigurður Thorlacius læknir mat varanlega örorku stefnanda 30%. Er mat hans dags. 26. apríl 1991. Sigurjón Stefánsson, sérfræðingur í geðlæknisfræði og taugalífeðlisfræði, endurmat örorku stefnanda. Matsgerð hans er dags. 12. mars 1996. Var niðurstaða læknisins sú, að varanleg örorka stefnanda væri 40%. Af stefnanda hálfu er miðað við örorkumat Sigurjóns, enda hafi

raunverulegar afleiðingar slyssins þá verið komnar betur í ljós. Lögmaður stefnda hefur fallist á, að mat Sigurjóns verði lagt til grundvallar í þessu máli, verði fallist á dómkröfur stefnanda að einhverju eða öllu leyti. Loks liggur fyrir taugasálfræðilegt mat dr. Þuríðar J. Jónsdóttur á stefnanda, þar sem fram koma niðurstöður athugunar á geðrænum einkennum og vitrænum truflunum stefnanda.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur var fenginn til að reikna út tjón stefnanda á grundvelli örorkumats Sigurjóns Stefánssonar læknis. Útreikningur hans er dagsettur 8. janúar 1997 og miðaðist við framreiknaðar tekjur stefnanda árin 1986 til og með 1988. Niðurstaða hans miðað við þessar forsendur var sú, að höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda reiknaðist á slysdagi nema 11.391.800 kr., en verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda nemi 683.500 kr. Til frádráttar komi greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, að höfuðstólsverðmæti 574.200 kr. Við útreikninginn var miðað við vexti og vaxtavexti af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá slysdagi til útreikningsdags, alls 31,93%, en eftir útreikningsdag var miðað við frá 4,5% vöxtum og vaxtavöxtum. Miðað var við dánarlíkur eftir reynslu áranna 1976 til 1980 og farið eftir samskiptum reynslu um missi starfsorku í lífanda lífi. Ekki var tekið tillit til skatta við útreikninginn.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

a) Bætur vegna varanlegrar örorku	kr.	11.391.800
b) Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda	–	683.500
c) Miskabætur	–	2.000.000
	kr.	14.075.300
d) Bætur frá Tryggingastofnun ríkisins til frádráttar	–	574.200
Samtals bætur án dráttarvaxta	kr.	13.501.100

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á örorkumati Sigurjóns Stefánssonar læknis og örorkuútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar. Hann styður miskabótakröfu sína þeim rökum, að vinnuslys þetta hafi valdið sér miklum þjáningum, líkamlegum og andlegum, og raskað stöðu sinni og högum. Hann hafi ekki getað séð sér farborða vegna slyssins og eigi erfitt með alla tómstundaiðju. Fyrir slys hafi hann verið liðtækur listmálari og lokið námi við Myndlistaskólann í Reykjavík. Þá hafi hann gert mikið af því að lesa bæk-

ur, en nú geti hann hvorugt gert af völdum slyssins. Slysið hafi einnig haft slík áhrif á geðrænt atferli hans, að hann eigi erfitt með samskipti og eðlilega hugsun. Þá hafi hann átt við alvarlegt þunglyndi að stríða í kjölfar slyssins.

Vaxtakröfu sína styður stefnandi dómvenju, en dráttarvaxtakrafan sé miðuð við það, að dráttarvextir reiknist einn mánuð frá því, að tjón varð ljóst, en það hafi legið fyrir með útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings.

Stefnanda hafi verið veitt gjafsókn í máli þessu. Gerð sé krafa um málskostnað og álag, er nemi virðisaukaskatti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefnandi heldur því fram, að umrætt vinnuslys verði eingöngu rakið til aðbúnaðar og aðstæðna hjá stefnda. Hann hafi verið látinn vinna einn við verk, sem eðlilegt hefði verið, að tveir starfsmenn ynnu. Spólujárn það, sem hann var að vinna með, hafi verið þungt og erfitt fyrir einn mann að beita því. Eina ástæðan til, að hann var látinn vinna verkið einn, hafi verið sú, að starfsmönnum stefnda hafði verið fækkað til hagræðingar í rekstri. Því hafi ekki verið um venjubundið starf að ræða, þar sem venjulega hafi tveir menn annast það. Stefndi hafi ekki samið verklagsreglur um starfið á þeim tíma, sem slysið varð, og sé vísað til venju um starfið í greinargerð stefnda til lögmanns stefnanda í þessu tilliti. Stefnandi telur, að stefndi hljóti að bera sönnunarbyrðina fyrir þeirri venju, sem vísað sé þar til, enda hafi verklagsreglur engar verið. Stefnda beri því að sanna, að tíðkast hafi, að einn maður hafi annast umrætt starf og að hér hafi verið um verk að ræða, sem einn maður gæti unnið hættulaust. Stefnandi kveður augljóst, að starfið sé þess eðlis, að hættulegt geti auðveldlega orðið, sé einn starfsmaður látinn vinna verkið. Spólujárn það, sem unnið hafi verið með, sé bæði langt og þungt. Ekki þurfi mikið til, að einn maður missi stjórn á því, eins og raunin hafi orðið, þegar slysið varð. Þverstöng sú, sem efst sé á járninu, geti hæglega slegist illa í menn, renni spólujárnið úr greipum manna. Engu skipti, hvort einhverjum starfsmönnum stefnda hafi tekist skammlaust að beita verkfæri þessu einir síns liðs. Ekki megi leggja á það almennan mælikvarða og ekki draga úr ábyrgð stefnda á framgangi verksins, þótt mönnum hafi að jafnaði tekist að leysa það af hendi einir án þess að slasast.

Stefnandi heldur því einnig fram, að breytingar þær, sem orðið hafa á verklagi og aðbúnaði við umrætt verk, bendi til þess, að um hættulegt verk hafi verið að ræða fyrir einn mann. Nú sé notaður til verksins krani í stað handafls, og engu skipti í þeim efnum, þótt spólujárnið sé lítilega þyngra nú en það hafi verið, er stefnandi slasaðist. Sú staðreynd liggi fyrir, að

menn hafi oft átt í erfiðleikum með að beita spólujárninu og oft lent í óhöppum með það. Þetta sýni, að aðstæður og aðbúnaður hjá stefnda hafi ekki verið eins og best verði á kosið.

Stefnandi bendir jafnframt á, að verkstjóri stefnda hafi ekki sýnt tilhlýðileg vinnubrögð. Hann hafi hvergi verið nálægur, er slysið varð, og því hafi hann ekki gert reka að því að leiðbeina stefnanda við starfið né aðstoða hann þrátt fyrir þá staðreynd, að hættulegt gæti verið að láta menn vinna eina með spólujárnið.

Stefnandi staðhæfir einnig, að slysið verði á engan hátt rakið til eigin sakar sinnar, eins og réttargæslustefndi haldi fram. Stefnandi hafi reynt eftir fremsta megni að leysa starf sitt af hendi í samræmi við fyrirskipanir yfirmanna sinna. Honum verði ekki um kennt, hversu hættulegt starfið var né hversu alvarlegar afleiðingar slysið hafði í för með sér. Slysið verði eingöngu rakið til stærðar og þyngdar verkfærisins og hönnunar þess að öðru leyti, og auk þess geti einum manni reynst örðugt að hafa fullkomna stjórn á svo þungu og fyrirferðarmiklu verkfæri.

Vinnuslysið hafi hvorki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins né lögreglu. Þó hvíli sú lögboðna skylda á atvinnurekanda að tilkynna um öll vinnuslys, sbr. 2. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Stefndi hafi borið því við, að skv. reglum ÍSAL sé eingöngu kölluð til lögregla og Vinnueftirlit ríkisins, ef um alvarlegt slys sé að ræða eða bilun í búnaði. Þá bendir stefndi jafnframt á, að í fyrstu hafi svo virst sem ekki væri um alvarlegt slys að ræða og því ekki þótt ástæða til að kalla til vinnueftirlit eða lögreglu. Af því tilefni vekur stefnandi athygli á því, að engu skipti í þessu sambandi, hverjar reglur stefnda séu, séu þær í ósamræmi við áður tilvitnað ákvæði laga nr. 46/1980. Stefnda hafi mátt vera ljóst, að slysið væri alvarlegs eðlis, því að vitað sé, að höfuðhögg geti leitt til verulegs líkamstjóns, sem komi ekki strax í ljós. Samkvæmt þessu verði stefndi að bera sönnunarbyrðina fyrir því, að slys stefnanda megi ekki rekja til atvika, sem stefndi beri ábyrgð á.

Þá sé ljóst, að bein orsakatengsl séu milli tjóns stefnanda og atvika, er stefndi beri ábyrgð á. Stefnanda hafi verið gert að leysa verk af hendi, sem gæti haft mikla hættu í för með sér, ef ekki nyti við aðstoðar annarra. Orsakir tjónsins megi því rekja til skorts á leiðbeiningu verkstjóra stefnda, vanrækslu á tilhlýðilegri aðstoð við erfitt verk og augljósrar hættu, sem mönnum gæti stafað af því verklagi, er stefnanda hafi verið fyrirskipað að vinna eftir.

Að öðru leyti reisir stefnandi kröfur sínar á hinum almennu reglum skaðabótaréttar um sök og ábyrgð vinnuveitanda á aðstöðu og vanbúnaði

vinnustaðar auk reglunnar um húsbóndaábyrgð. Þá vísar stefnandi í lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðir, sem settar hafi verið í skjóli þeirra laga.

Vaxtakrafa stefnanda og krafa hans um vaxtavexti styðst við III. kafla laga nr. 25/1987 með síðari breytingum.

Málskostnaðarkrafa stefnanda styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991 auk a-liðar 1. mgr. 126. gr. sömu laga, en krafan um virðisaukaskatt á málskostnað við lög nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og beri því nauðsyn á að fá dóm fyrir skattinum úr hendi stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að slysið hafi ekki stafað af neinum þeim ástæðum, sem stefndi beri ábyrgð á að lögum. Verk það, sem stefnandi vann að, hafi verið einfalt, síendurtekið, sem stefnandi hafi að eigin sögn unnið mörghundruð sinnum. Við verkið hafi verið notað einfalt verkfæri, sem ekki hafði áður né síðar sætt athugasemdum. Jafnvel þótt rétt væri hjá stefnanda, að hann hefði einn unnið verk, sem tveir menn ynnu að jafnaði, er sé mótmælt sem röngu og ósönnuðu, verði ekki séð, að það skipti máli. Fremur megi segja, að meiri hættu væri á mistökum, ef tveir ynnu, sem þá þyrftu að samræma verklag sitt.

Þá sé augljóst, að einföld síendurtekin verk krefjast þess ekki, að samdar séu sérstakar skriflegar verklýsingar. Líkja mætti þeirri kröfu við það, að semja þyrfti sérstakar leiðbeiningar til trésmiða um, hvernig beita bæri hamri, eða vélsmiða um, hvernig nota skyldi skiptilykil. Hér sé sá einn munur, að verkfærið var þyngra en hamar eða skiptilykill. Það leiði af notkun verkfæra, að fyrir óhappatilviljun eða aðgæsluleysi megi meiða sig á þeim. Það valdi ekki skaðabótaskyldu vinnuveitenda, nema sannað sé, að verkfærið hafi verið gallað eða á annan hátt hættulegra en venjulegt sé. Handfangið, sem slegist hafi í hnakka stefnanda, sé handfang og þess því ekki að vænta, að það sláist í hnakka starfsmanns.

Þær breytingar, sem gerðar hafi verið á verklagi við þennan verkþátt, hafi komið til löngu síðar og stafað af allt öðrum ástæðum. Fráleitt sé, að í þeim felist viðurkenning á því, að um hættulegt starf hafi verið að tefla.

Þá mótmælir stefndi því sérstaklega, að verkstjóri stefnda hafi ekki sýnt tilhlýðileg vinnubrögð með því að standa ekki yfir stefnanda, þegar hann vann einfalt verk sitt. Stefnandi hafði unnið verkið mörghundruð sinnum og fráleitt, að verkstjóri hafi þurft að standa yfir honum og leiðbeina honum í hvert sinn. Á vakt í þessum hluta steypuskálans munu hafa verið á milli tíu og tólf menn, þegar slysið varð. Röksemd stefnanda jafngildi því, að verkstjóra hefði þurft með hverjum manni.

Tilkynning til vinnueftirlitsins hafi verið með eðlilegum hætti. Í upphafi hafi virst ástæðulaust að kveðja til fulltrúa þess eða lögreglu á staðinn, heldur hafi verið tilkynnt símleiðis um óhappið. Skortur tilkynningar hafi enga þýðingu um skaðabótaskyldu né sönnunarstöðu þegar af þeirri ástæðu, að atvik slyssins séu í sjálfu sér ljós og hægt að endurgera atvikin, eins og raunar hafi verið gert og málskjöl sýni.

Stefnandi reisi kröfur sínar á því, að slysið hafi orðið af ástæðum, sem stefndi beri ábyrgð á. Með vísan til málsatvika, sem rakin séu að framan, megi rekja slysið til óhappatilviljunar eða gáleysis stefnanda, en á hvorugu beri stefndi ábyrgð. Verði talið, að stefndi beri ábyrgð á slysi stefnanda, sé þó ljóst, að þar geti aðeins verið um hluta ábyrgðar að tefla. Meginábyrgðin hljóti að falla á stefnanda sjálfan vegna eigin sakar hans.

Þá ber þess að gæta, að Hæstiréttur Íslands hefur hafnað því að nota gagnrýnislaust lækisfræðilegt örorkumat og líkindareikning trygginga-stærðfræðings samkvæmt því við ákvörðun skaðabóta, enda þótt dómstólar hafi stuðst við slíkt sem vísbendingu um varanlegt líkamstjón. Því sé sérstaklega mótmælt sem ósönnuðu, að stefnandi hafi orðið fyrir tekjutapi í samræmi við útreikning frá slysdegi til útreikningsdags. Því sé skorað á hann að upplýsa nánar um þetta atriði með framlagningu skattframtala fyrir árin 1990 til og með 1996 og framvegis. Stefnandi hafi verið í starfi hjá stefnda fram til 21. febrúar 1995 og notið fullra launa fram til þess tíma. Því hafi tjóns hans ekki farið að gæta fyrir en eftir þann dag.

Um einstaka liði kröfugerðar stefnanda.

Bætur vegna varanlegrar örorku.

Kröfugerð stefnanda fyrir varanlegt tjón byggist á fjártjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, en þar sé stuðst við rangar forsendur, eins og að framan greini.

Miskabætur.

Almennt sé viðurkennt, að miski sé innifalinn í örorkumati lækna að hluta. Miskabótakrafa stefnanda sé mjög fjarri lagi, ekki síst ef litið sé til nýrra dómafordæma. Krafist sé 2.000.000 kr., en hæstu miskabætur, sem dæmdar hafi verið í Hæstarétti, séu 2.500.000 kr. fyrir 75% örorku með óvenjuhroðalegum afleiðingum. Miskabætur eigi að ákvarða á verðlagi ákvörðunardags, en með vöxtum frá slysdegi.

Aðrar bætur.

Stefnandi hafi notið greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, 574.200 kr., og sé sú greiðsla réttilega dregin frá í stefnu. Að auki hafi stefnandi fengið greiddar 792.904 kr. úr svonefndri launþegatryggingu stefnda hjá Bruna-bótafélagi Íslands, nú Vátryggingafélagi Íslands hf., og beri að draga þá fjár-

hæð frá tjóni, verði bætur dæmdar, samkvæmt brýnum ákvæðum kjara-samnings, sem stefnandi hafi starfað eftir.

Lækkun bótakrafna, ef dæmdar yrðu.

Verði bótakröfur viðurkenndar, þurfi að taka tillit til þess, að í örorku-mati lækna sé að jafnaði fólgin nokkur miski, sjá grein Páls Sigurðssonar í Tímariti lögfræðinga, 2. hefti 1972, svo og þess, sem áður er rakið um ólík-indi þess, að um rauntekjutap verði að ræða.

Þá þurfi að taka tillit til þess, verði bótakröfur viðurkenndar, hvert hag-ræði sé fólgið í eingreiðslu bóta, sem rétt sýnist að meta ekki minna virði en 10%, svo og þess, að bótagreiðslur séu skattfrjálsar. Í því skattfrelsi eigi ekki að felast fjárhagslegur ávinningur fyrir bótaþega. Því ætti að lækka bótafjárhæð um meðalskattbyrði af viðmiðunartekjum, verði bótaskylda viðurkennd. Meðalskattbyrði af viðmiðunartekjum sýnist vera 28%.

Lækkun vegna greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins.

Einnig ætti að taka tillit til þess með fullri krónutölu, að stefnandi hefur notið bóta frá Tryggingastofnun ríkisins og úr atvinnuslysatryggingu laun-þega, eins og áður er greint, verði bætur dæmdar.

Vextir og upphafstími dráttarvaxta.

Samkvæmt dómvenju beri skaðabótakröfur sömu vexti og notaðir séu í tjónsútreikningi, en dráttarvexti ekki fyrr en frá dómsuppsögudegi. A. m. k. séu kröfur umdeildar í dómi, sé stuðst við nýjan útreikning eða tekið verulegt tillit til sjónarmiðs stefnda, það er bótagreiðanda. Megi um þetta vísa til ýmissa dóma Hæstaréttar á undanförunum árum, svo sem H. 1989, 1330, H. 1989, 653, H. 1990, 128, H. 1992, 2302, H. 1995, 400, H. 1995, 937, H. 1995, 3269, og dóms frá 17. október 1996 í málinu nr. 122/1995.

Stefndi reisir kröfu sína um málskostnað á 1. og 3. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr., báðar greinar í l. nr. 91/1991.

Forsendur og niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu Kolbeinn Oddur Sigurjónsson, nú-verandi trúnaðarmaður starfsmanna stefnda í steypuskála, sem gegndi sama trúnaðarstarfi, þegar stefnandi slasaðist, og Bjarni Reynar Valdimars-son, tæknimaður í steypuskála. Verður framburður þeirra rakinn í stórum dráttum.

Kolbeinn kvaðst hafa starfað í steypuskála frá 14. september 1972 og unn-ið með svokallað spólujárn. Ákveðið verklag hafi verið viðhaft, og eins hafi menn lært hver af öðrum og unnið eftir því. Engar sérstakar skriflegar vinnureglur hafi verið til hjá stefnda um það, hvernig standa skyldi að verk-inu. Oftast hafi þurft að vinna verkið með þeim hætti, að þverstöng spólu-

járnsins væri fyrir ofan þá, sem með það ynnu, en það færi eftir verklagi hvers manns. Hann kvað hvort tveggja hafa viðgengist, að koma járninu fyrir í raufinni frá gólfi eða frá pallinum, sem staðið sé uppi á, þegar járninu sé beitt, en það breyti því ekki, að lyfta þurfi járninu í byrjun, þannig, að það gnæfi yfir þann, sem verkið vinni. Að jafnaði hafi járninu verið lyft upp á pallinn og þaðan stungið niður um raufina á pottlokinu, þegar ál hafði hlaðist utan á það. Hann taldi þetta vera tveggja manna verk, einkum þegar járníð sé komið niður. Þá þurfi tvo til að lyfta því upp. Handfangið á járninu sé ætlað tveimur mönnum. Það hafi tíðkast allt fram á árið 1984, að því er hann minnti, að tveir menn ynnu verkið, en síðan hafi ýmist einn eða tveir unnið að því. Þegar þannig sé að verki staðið, stingi annar þeirra járninu niður um rauf loksins, en síðan hafi báðir farið upp á pallinn og þaðan á ofnlokið og unnið saman að hreinsuninni. Hann kvað verkið hafa verið óvinsælt og erfitt, og oft hafi þurft að skipta um járn í miðri hreinsun. Þurft hafi hrausta menn til verksins. Erfiðara sé fyrir smávaxna menn að vinna þetta verk, því að lengra sé í handfangið fyrir ofan höfuð þeirra, og líklega þurfi þeir að beita meiri orku við vinnuna. Eins sé líklegt, að smávaxnir menn þurfi að beygja sig fram við að setja járníð niður í spólugatið. Hann vissi ekki til, að óhapp hefði hlotist af þessu starfi, en mikið hefði verið um „hér um bil óhöpp“, eins og það væri kallað þar syðra, og eins hefðu margir fengið í bakið við umrætt verk. Hann kvaðst ekki minnast þess sérstaklega, að rætt hefði verið við stjórnendur stefnda um framkvæmd við umrætt verk út frá öryggissjónarmiðum, en mikið væri rætt um slys og slysavarnir. Hann kvað hafa verið sífellda hættu á því að fá þverjárnið í höfuðið, en það reyndu menn ávallt að varast. Hann áleit, að frá gólfi upp á pallinn, sem byggður var við op pottsins, væri u. þ. b. einn metri. Hann kvað spólujárn það, sem sýnt var við vettvangsför dómsins, hafa verið eins og það, sem notað hafi verið, þegar stefnandi slasaðist, a. m. k. mjög líkt.

Bjarni Reynar Valdimarsson, tæknimaður í steypuskála, kvað starf sitt einkum fólgið í því að sjá um búnað þar. Hann hefði fyrst komið til starfa hjá stefnda fyrir níu árum, en unnið í steypuskála tæpt tvö og hálf ár. Þegar hann kom þangað, hefði sama vinnutilhögun verið viðhöfð við hreinsun potta og frá upphafi. Hún hefði falist í því, að lok pottsins hefði verið tekið af, en laus hlemmur settur í staðinn, og síðan verið farið eins að og áður hefði komið fram. Þessari tilhögun hefði verið breytt að sinni tilhlutan, líklega síðari hluta árs 1994. Hann kvaðst ekki hafa haft öryggismál í huga, þegar hann tók ákvörðun um breytt vinnufyrirkomulag. Það, sem því hefði ráðið, hefði m. a. verið vinnusparnaður, og eins hefði lausa pottlokið krafist ákveðins rýmis á gólfi skálans. Spólujárníð, sem notað var við vettvangs-

göngu dómsins, hefði verið smíðað að sínu undirlagi og hann lagt ríka áherslu á, að það væri algjörlega sambærilegt við þau járn, sem notuð hefðu verið. Eins hefði sami hlemmur verið notaður og var á pottinum, þegar stefnandi slasaðist. Honum hefði verið haldið til haga. Hann kvað enga undantekningu hafa verið gerða á vinnufyrirkomulagi með tilliti til stærðar og líkamsburða starfsmanna. Þessi vinna hefði ekki verið vinsæl, en nauðsynleg, og menn viljað humma verkið fram af sér. Vitnið staðfesti, að við vettvangskönnunina hefði hann mælt fjarlægð frá þverjárninu niður á pottlok, þegar spólujárnið nam við götin, sem hreinsuð séu, og hefði hún verið 120 cm. Þegar spólujárnið var komið í gegnum gatið og í fulla dýpt pottsins, hefði fjarlægðin verið tæpir 20 cm.

Lýsing á aðstæðum.

Dómurinn fór á vettvang 26. maí sl. og kannaði aðstæður. Þar var spólujárn, sem Bjarni R. Valdimarsson, starfsmaður stefnda, kvaðst hafa látið útbúa, og væri það nákvæm eftirlíking járnins, sem stefndi vann með, þegar hann slasaðist. Aðstæður eru með þeim hætti, að steypuofninn, sem hér kemur við sögu, er byggður u. þ. b. einn metra upp fyrir gólfplötu. Pallur umlykur efri hluta hans að hálfu og er í u. þ. b. 80 cm hæð frá gólfi.

Sýnt var, hvernig staðið var að verki við hreinsun á spóluopum (götum), þegar stefnandi slasaðist. Hófst það með því, að lok var hift af ofninum og annað sett í þess stað, sem var sama hreinsilok að sögn Bjarna R. Valdimarssonar og lok það, sem notað var, þegar stefnandi vann umrætt verk. Lokinu eða hlemminum hafði verið haldið til haga. Það er þannig útbúið, að op eða rífa er í því miðju, u. þ. b. eins metra löng og u. þ. b. 20 cm breið. Á hvorum enda rifunnar hafa verið sorfnar raufar og eitt fyrir miðju hennar. Raufarnar gegna því hlutverki að stýra spólujárninu í þrjú göt á efri botnplötu steypuofnsins, sem hreinsa þarf. Eins og áður segir, er spólujárnið 415 cm langt og 35 kg að þyngd með þverstöng á öðrum enda (handfangi), en perulaga hnúð á hinum. Hnúðurinn gegnir því hlutverki að hreinsa álhroða úr götunum þremur, sem áður eru nefnd. Í neðra helmingi ofnsins eru rafspólur, sem hita álið þannig, að hringstreymi myndast í pottinum milli efri og neðri hluta hans um götin þrjú.

Beita má tvenns konar aðferðum við að koma spólujárninu fyrir í ofninum, og voru báðar sýndar. Önnur er sú að stinga járninu í rífu loksins frá gólfi skálans og reisa það upp í sem næst lárétta stöðu, þannig, að það gangi sem næst efri botni ofnsins. Síðan er farið upp á pallinn og þaðan yfir á hlemminn og járnid látið síga eins og á kann að vanta, til að efra botni ofnsins sé náð. Það ræðst nokkuð af hæð þess, sem verkið vinnur, hversu langt

járnið gengur niður í ofninn, þegar staðið er á gólfi skálans. Síðan er járninu komið fyrir í stýriraufunum og hreinsun hafin. Hin aðferðin er sú að fara með járneðri upp á pallinn og þaðan á hlemminn og það látið síga niður í ofninn um stýriraufarnar. Sú aðferð er erfiðari og krefst meiri líkamsburða.

Þegar spólujárnið var komið niður að einu hreinsigatinu, reyndist fjarlægð frá neðri brún handfangs niður á hlemminn vera 120 cm. Þá var tekið í handfangið og járninu snúið fram og aftur, þar til tekist hafði að hreinsa opið. Féll þá járneðri niður í neðri hluta ofnsins. Þá mældist fjarlægðin tæpir 20 cm miðað við sömu mæliforsendur.

Starfsmenn voru með hitapolna hanska á höndum og íklæddir öryggis-skóm, sem veita vörn fyrir hita, sem er mikill, þegar staðið er uppi á pottlokinu.

Álit dómsins.

Verk það, sem stefnandi vann við, þegar hann slasaðist, er einfalt, en krefst nokkurra líkamsburða, eins og áður er getið. Í skýrslu þeirri, sem stefnandi gaf hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði, kveðst hann hafa unnið þetta starf mörg hundruð sinnum, enda þurfti að hans sögn að hreinsa ofna eftir hverja steypu. Verkið er þess eðlis, að ekki er þörf sérstakrar verklýsingar að mati dómsins, eins og stefnandi heldur fram, ekki síst sé litið til þess, að stefnandi var enginn nýgræðingur í þessu starfi og hafði að eigin sögn starfað í steypuskála stefnda í tæp átján ár, þegar slysið varð (sjá síðar). Þá verður ekki talið með vísan til eðlis verksins og starfsreynslu stefnanda, að þess hafi verið þörf, að verkstjóri leiðbeindi honum eða öðrum vönum starfsmönnum um framkvæmd þess.

Verður nú vikið að þeirri málsástæðu stefnanda, að honum einum hafi verið gert að vinna umrætt verk, sem sé tveggja manna, og sé það sönnun um ótilhlýðilega verkstjórn, sem stefndi beri ábyrgð á.

Í áður nefndri skýrslu rannsóknarlögreglu er haft eftir stefnanda: „Mætti segir, að fleiri menn hafi verið að vinna þarna í skálanum, þegar þetta slys varð, og sá, sem var með honum að vinna við þetta verk, hafi verið starfsbróðir sinn, Gunnar Njálsson, til heimilis að Dalsseli 33, Reykjavík. Mætti kveðst vera búinn að vinna þarna í skálanum í tæp átján ár, eins og að framan greinir, og í hundruðum skipta hafi hann unnið við að hreinsa með þessu áhaldi, sem slysið hlaut af.“ Gunnar Njálsson segir í sinni skýrslu, að hann hafi staðið alveg rétt aftan við stefnanda og séð, þegar slysið varð. Verður því að ætla, að Gunnar Njálsson hafi verið tiltækur og unnið að verkinu með stefnanda, enda þótt stefnandi muni einn hafa haft hendur á sjálfu spólujárninu, þegar slysið vildi til. Framkvæmd verksins réðst því af samvinnu þeirra og verktilhögun.

Þá bendir stefnandi á, að slysið hafi hvorki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins né lögreglu, og verði stefndi að bera hallann af því.

Fyrir liggur, að slysið var tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins með skýrslu, dags. 13. ágúst 1988, en þá var of langt um liðið til þess, að starfsmenn þess hefust handa um rannsókn þess.

Fallast má á það með stefnanda, að stefndi fylgdi ekki lögboðinni tilkynningarskyldu vegna umrædds slyss. Það er hins vegar álit dómsins, að rannsókn á slysinu, strax eftir að það gerðist, myndi vart hafa varpað öðru og nýju ljósi á tildrög þess. Vanræksla stefnda að þessu leyti ein og sér verður því ekki talin leiða til sakaráfellis.

Þá hefur stefnandi nefnt það stefnda til sakar, að hann hafi verið látinn sæta því að vera fluttur í leigubíl á slysavarðstofu. Af gögnum málsins má ráða, að ekkert orsakasamband virðist vera milli þessarar ákvörðunar stefnda og afleiðinga slyssins fyrir stefnanda.

Loks skírskotar stefnandi til þess, að stefndi hafi breytt vinnutilhögun við umrætt verk, og sýni það og sanni, að verkið hafi verið talið hættulegt einum manni.

Víst er um það, að verktilhögun sú, sem viðhöfð var við framkvæmd verksins, var forneshjuleg og ekki í samræmi við þá tækni, sem stefnda virðist hafa verið tiltæk eða hefði getað aflað sér. Verkið var líkamlega erfitt og hafði í för með sér óþægindi fyrir þá, sem það unnu. Atburðarás og tildrög slyssins verður engu að síður að meta með tilliti til fyrirliggjandi aðstæðna og með hliðsjón af því verklagi, sem beitt var, þegar slysið varð.

Fyrir liggur, að Vinnueftirlit ríkisins hafði engar athugasemdir gert við notkun spólujárnsins né heldur við þá vinnutilhögun, sem viðhöfð var.

Slysið virðist hafa orðið með þeim hætti, að spólujárnið rann úr greipum stefnanda, sem ekki gætti að sér og fékk því þverstöng þess í hálsinn aftanverðan, en sú hætta var jafnan yfirvofandi samkvæmt framburði Kolbeins Odds Sigurjónssonar hér fyrir dómi. Það er því álit dómsins, að slysið hafi orðið fyrir óhappatilviljun, sem stefndi beri ekki ábyrgð á. Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda á hendur honum.

Rétt þykir, eins og mál þetta er vaxið, að málskostnaður falli niður.

Engar kröfur eru gerðar af hendi stefnanda á hendur réttargæslustefnda, Sjóvá-Almennum hf.

Stefnandi fékk gjafsókn með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 25. nóvember 1996. Gjafsóknarkostnaður greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Björns L. Björnssonar hdl., 250.000 kr., að viðbættum lögmaletum virðisaukaskatti, að fjárhæð 61.250 kr., og útlögðum kostnaði, að fjárhæð 58.500 kr., samtals 369.750 kr.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslenska álfélagið hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Gunnars B. R. Valdimarssonar, á hendur því.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 369.750 kr., greiðist úr ríkissjóði.
